

**Umboðsmaður Alþingis,  
Þórshamri,  
Templarasundi 5,  
101 Reykjavík.**

Reykjavík, 18. júní 2021

Umboðsmanni Alþingis er óskað velfarnaðar í nýjum starfi. Þann 28. maí 2019 óskaði undirritaður eftir því að Umboðsmaður Alþingis léti fara fram opinbera rannsókn vegna þeirra alvarlegu annmarka á vinnubrögðum starfshóps um stefnumótun í fiskeldi, sem var síðan ítrekuð þann 10. desember 2019. Umboðsmaður Alþingis hefur sýnt þá kurteisi að svara beiðnum mínum, en mér vitanlega hefur það ekki leitt til þess að málið hafi verið tekið til athugunar.

Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda varð að stefnumótun laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila með það að markmiði að ná fjárhagslegum ávinningi á kostnað annarra. Stefnumótunin var síðan grunnur að breytingum á lögum um fiskeldi sem samþykkt voru árið 2019. Af fræðimönnum kallast þessi aðferðafræði að „fanga ríkisvaldið“ (e. state capture). Gott yfirlit yfir málið er að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Undirritaður hefur sent fjölmarga tölvupósta til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og einhverra hluta vegna hafa engin svör borist við erindum mínum. Það virðist sem nefndin ætli ekki að svara þeim erindum sem ég hef beint til hennar og það eitt út af fyrir sig, þ.e. að svara ekki erindum, er ámælisvert og hvorki í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga né vandaða stjórnarsýsluhætti. Engin viðbrögð er að öllum líkindum vegna þess að þeir þingmenn sem sitja í þeirri nefnd eru á vissan hátt aðilar að málinu með að samþykkja breytingar lögum um fiskeldi sem byggja á skýrslu starfshóps um fiskeldi - Það virðist eiga reyna að þagga málið.

Ég hef enga hagsmuna að gæta í þessu máli aðra en almennt gerist með aðra skattgreiðendur. Undirritaður er vel inn í þessu máli og hefur m.a. komið að gerð laga og reglugerða um fiskeldi. Ástæða þess að ákveðið var að fara í þessa vinnu er að undirritað blöskrar þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð í undirbúning að breytingum á lögum um fiskeldi. Það hefur verið reynt að vekja athygli á málinu með að skrifa fjölmargar greinar í blöð til að upplýsa. Markvisst er unnið að því að þagga niður í gagnrýni minni og annarra. Á þessu stigi er gerð kvörtun yfir því að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd svar ekki beiðnum mínum um að framkvæmd verði opinber rannsókn á þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð við undirbúning og gerða laga um fiskeldi sem samþykktu voru á Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Í framhaldinu munu aðrar kvartanir vera sendar formlega til Umboðsmanns Alþingis.

Virðingarfyllt,



Valdimar Ingi Gunnarsson,  
Sjávarútvegsþjónustan ehf.